



## Fréttabréf Heiðarskóla - Maí 2010

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri

### Skólaslit Heiðarskóla

Þriðjudaginn 8. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

#### Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

Kl. 9:00 7., 8. og 9. bekkur  
Kl. 10:00 4., 5. og 6. bekkur  
Kl. 11:00 1., 2. og 3. bekkur

### Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 þriðjudaginn 8. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skólalag þeirra í grunnskóla.

**Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.**

## VOR- OG ÚTSKRIFTARFERÐ 10. BEKKJAR 2010

Skólaferðalag 10. bekkjar var farið dagana 25. - 28. maí. Ferðin var með hefðbundnu sniði og gist á Hofi í Örafum. Á leið þangað var farið í flúðasiglingu frá Drumboddsstöðum. Þar stukku nemendur af kletti út í Hvítá og sigldu niður ána með miklum tilþrifum og hæfilegum gusugangi og miklu fjöri þegar farið var yfir ólgandi flúðir. Grillveislan á eftir var frábær. Síðan drifu sig allir í sund í Reykholti. Ekið var sem leið lá alla suðurströndina með stuttu stoppi við Þorvaldseyri þar sem afleiðingar gossins í Eyjafjallajökli voru augljósar og sama var upp á teningnum þegar Skógasandur var ekinn, þar sást ekki út úr augum fyrir öskufjúki.

Þegar komið var að Hofi var nemendum skipt í hópa þannig að allir fengu hlutverk svo allir gætu lagt fram sinn skerf. Síðar var farið í klettaklifur, þar sem allir stóðu sig ótrúlega vel og sumir náðu að klífa 20 metra háan hamarinn á metttíma. Eftir hádegi fór hópurinn á traktorskerru út í Ingólfshöfða. Þar var gengið um og fuglalífið skoðað, ásamt því að fá á sig dritgusur og reyndar beinar ásásir frá ógnvaldi fuglanna á staðnum, skúmnum.

Á fimmtudegi var ekið að Jökulsárlóninu og siglt þar á hjólabátum og smakkað á mörg þúsund ára ísmolum.

Gengið var að Svartafossi í Skaftafelli og skoðuð jöklasýning í þjónustuhúsinu.

Í öllum ferðum var mikið og gott nesti, þökk sé foreldrum, sem sendu heimabakað góðgæti með í ferðina.

Nemendur í 10. bekk eiga heiður skilinn fyrir frábæra frammistöðu og kurteisni alls staðar það sem komið var. Þeir hlustuðu á leiðsögumenn með áhuga og höfðu gott hljóð, þeir hlýddu vel öllum fyrirmælum og sýndu tillitssemi í hvívetna. Hópurinn stóð sig sem sagt allveg frábærlega.

Við getum öll kennara, foreldrar og nemendur verið afar stolt af þessum hópi.



# Nemendur sem við erum stolt af

Í ljósi umræðna og umfjöllunar um slakan árangur nemenda í grunnskólum á Suðurnesjum langar stjórnendur Heiðarskóla til að koma eftirfarandi á framfæri.

Þegar fjallað er um gæði skólustarfs þarf að líta til margra þátta. Í góðum skóla líður nemendum vel og þar þarf að ríkja vingjarnlegt andrúmsloft. Góð samskipti þurfa að vera milli allra aðila sem koma að skólustarfinu. Nemendur þurfa að vera metnaðarfullir, færir í samskiptum og sýna góðan árangur í því sem þeir taka sér fyrir hendur.

Í Heiðarskóla vinnur metnaðarfullt starfsfólk, sem sífellt er að leita leiða til að bæta skólustarfið, líðan nemenda, félagsfærni og námsárangur þeirra. Grunnskólar eiga að meta sitt innra starf, skoða hvað vel er gert og hvað þarf að bæta. Á nokkurra ára fresti tekur Menntamálaráðuneytið út sjálfsmatsaðferðir skóla og vorið 2008 voru matsaðferðir Heiðarskóla skoðaðar. Skólinn fékk góða umsögn og uppfyllti að öllu leyti viðmið ráðuneytisins.

„...háttvís, heilbrigð, kát og klár svo margt sem að við kunnum upp á hár.“

Úr skólasöng Heiðarskóla

Fjölmargar kannanir eru lagðar fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn skólans með það að markmiði að efla starfið. Þegar veikleikar greinast eru unnar áætlanir til umbóta. Í könnunum sem, Samband íslenskra sveitafélaga, Heiðarskóli og aðrir hafa unnið er m.a. spurt um líðan nemenda og viðhorf þeirra og foreldra til skólustarfsins. Niðurstöður sýna að nemendum líður vel í Heiðarskóla og viðhorf foreldra til skólans er mjög gott. Þegar skólustarf er metið horfum við því ekki einungis til samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 10. bekk en að sjálfsgöðu nýtum við okkur niðurstöður úr þeim könnunum og skoðum hvað við getum gert betur.

Nemendur Heiðarskóla hafa undanfarin ár verið að standa sig mjög vel í þeim samræmdu prófum sem fyrir þá hafa verið lögð. Í langflestum tilfellum eru þeir yfir landsmeðaltali og í nokkrum tilfellum eru nemendur vel yfir því. Á töflunum hér að neðan má sjá árangur nemenda skólans haustið 2009 og meðaltal á samræmdu prófum 2005 – 2009. Einkunnir eru normaldreifðar á bilinu 0 – 60 og landsmeðaltal er 30.

4. bekkur - Heiðarskóli			
	2009	2005-2009	Landsmeðaltal
Íslenska	31,1	30,0	30,0
Stærðfræði	33,7	32,7	30,0

7. bekkur - Heiðarskóli			
	2009	2005-2009	Landsmeðaltal
Íslenska	28,7	31,0	30,0
Stærðfræði	31,6	33,6	30,0

10. bekkur - Heiðarskóli			
	2009	2005-2009	Landsmeðaltal
Íslenska	34,2	30,3	30,0
Stærðfræði	37,5	32,0	30,0
Enska	33,4	31,6	30,0

Upplýsingar úr skýrslu Námsmatsstofnunar Rit 3 2009

Gaman er að geta þess að þeir nemendur sem við útskrifum í vor úr 10. bekk, náðu að vera með þriðju hæstu einkunn í stærðfræði yfir landið. Í íslensku eru þeir í 10. – 11. sæti og í ensku með 13. hæstu einkunn yfir landið.

Ef við skoðum aðra þætti, en hefðbundið bóknám, þá getum við t.d. nefnt að lið Heiðarskóla hefur síðast liðin þrjú ár komist í úrslitakeppni í Skólahreysti. Keppnin hefur verið sýnd í beinni útsendingu á RÚV og stóð Heiðarskóli uppi sem sigurvegari á síðasta skólaári.

Þegar við lítum yfir nemendahópinn sjáum við kröftuga, áhugasama og hæfileikaríka einstaklinga, sem leggja sig fram af metnaði. Gildir þá einu hvort um hefðbundið skólustarf er að ræða eða frábær atriði á árhátíðum. Við vitum að nemendur eru ekki einungis að standa sig vel í skólanum, heldur stunda þeir tónlistarnám af miklu kappi og ná frábærum árangri í hinum ýmsu íþróttagreinum svo eitthvað sé nefnt. Margoft hafa nemendur sýnt og sannað hvers þeir eru megnugir og getum við sannarlega verið stolt af þeim.

Gunnar Þór Jónsson, skólastjóri Heiðarskóla  
Sóley Halla Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri Heiðarskóla  
Bryndís Björg Guðmundsdóttir, deildarstjóri Heiðarskóla  
Sigurbjörg Róbertsdóttir, deildarstjóri Heiðarskóla



Grein birt áður í Víkurfréttum

## 7. bekkur að Reykjum í Hrútafirði

Í byrjun maí fóru nemendur í 7. bekk í skólabúðirnar að Reykjum í Hrútafirði. Nemendur dvelja í skólabúðunum í 5 daga og eru þar að glíma við verkefni á sviði náttúrufræði, fara á byggðasafn, fjöruferð og í heimsókn á sveitabæ. Nemendur og kennarar voru mjög ánægðir með ferðina sem heppnaðist í alla staði vel.



## Vorsýning

Vorsýning Heiðarskóla var 21. maí síðastliðinn. Fjöldmargir gestir heimsóttu skólann þennan skemmtilega dag og skoðuðu vinnu nemenda á öllum skólastigum. Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna.



## Frábær árangur í Skólahreysti



Fjórða árið í röð stóðu nemendur Heiðarskóla sig frábærlega í úrslitum í Skólahreysti. Lið Heiðarskóla hafnaði í 2. sæti sem er frábær árangur. Til hamingju!

## Þökkum samstarfið

Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á sólaárinu sem nú er að ljúka. Skólaásetning næsta haust verður mánudaginn 23. ágúst en nánari tímasetning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst. Skóladagatal næsta skólaárs er birt hér í þessu fréttabréfi og gott er að geyma það. Við vonum að allir hafi það gott á komandi sumri og við sjáumst glöð og sæl næsta haust.

## Bókaskil

Þegar líður að sumarfrí er mikilvægt fyrir okkur í skólanum að fá inn allar bækur í eigu skólans. Þetta á bæði við um bókasafnsbækur og fjölnota kennslubækur sem nemendur hafa fengið afhentar. Á mörgum heimilum leynast bækur sem nemendur hafa fengið lánaðar í gegnum árin. Við viljum biðja foreldra og nemendur að fara yfir bækur og annað skóladót og skila því sem tilheyrir skólanum.



# Skóladagatal 2010 - 2011

Nafn skóla:

Heiðarskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F	1 M	1 M	1 M	1 Þ	1 Þ	1 F	1 S	1 M
2 M Frídagur vaxtumanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F Uppstigningardagur
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F Skólaeitt
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S
6 F	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F	6 S	6 S	6 M	6 F	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M	7 M	7 F	7 L	7 Þ Starfsdagur
8 S	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 S Starfsdagur
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 S	12 S Hvítasunnudagur
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 M	13 M Annar í Hvítasunnudagur
14 L	14 Þ Kennsla (skert)	14 F	14 S	14 D	14 F	14 M	14 M	14 F	14 L	14 D
15 S	15 M	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F	15 S	15 M
16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S	17 L	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F	18 M	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S
20 F	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 S	20 S	20 M	20 F	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 M	21 M	21 F	21 F	21 L Skírd. / sumard.
22 S	22 M	22 M	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M Skólaeining	23 F	23 F	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 L	24 M	24 M	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M	25 L
26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 S
27 F	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 M	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 M	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F
31 Þ	31 S	31 S	31 Þ	31 F	31 M	31 F	31 F	31 L	31 Þ	31 M

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanefndar sveitarfélaga skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru firm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hljóðsjón af kjarasamningum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8